

## REGLUR

### um viðskiptareikninga við Seðlabanka Íslands.

#### 1. gr.

##### *Viðskiptareikningar fjármálafyrirtækja.*

Eftirfarandi fjármálafyrirtæki geta haft viðskiptareikning í íslenskum krónum við Seðlabanka Íslands.

1. Innlend fjármálafyrirtæki (lánastofnanir) sem fengið hafa starfsleyfi skv. 1., 2. 3. og 4. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.
2. Útibú erlendra fjármálafyrirtækja sem fengið hafa staðfestu og samsvarandi starfsleyfi og greinir í 1. tl. í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu og starfa hér á landi, sbr. 31. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.
3. Útibú erlendra fjármálafyrirtækja með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem fengið hafa heimild Fjármálaeftirlitsins skv. 33. gr. laga nr. 161/2002 enda hafi fyrirtækið hliðstætt starfsleyfi og 1., 2., 3. og 4. tl. 1. mgr. 4. gr. sömu laga kveður á um í heimaríkinu, starfsemin sem fyrirtækið hyggst stunda hér á landi sé sambærileg og að starfsemi fyrirtækisins sé háð sambærilegu fjármálaeftirliti sem lög nr. 87/1998 kveða á um í heimaríkinu.
4. Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu (reikningsstofnun) sem aðild eiga að verðbréfamiðstöð í þeim tilgangi að Seðlabankinn annist efdalok viðskipta þeirra með rafbréf sbr. 15. gr. laga nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Bindiskyld fjármálafyrirtæki (lánastofnanir) skulu leggja bindifé í samræmi við reglur Seðlabanka Íslands um bindiskyldu nr. 879/2005 inn á viðskiptareikning sinn.

Viðskiptareikningur er jafnframt stórgreiðslureikningur sem notaður er við uppgjör fjármálafyrirtækis í greiðslukerfi eða verðbréfauppgjörskerfi sbr. reglur um stórgreiðslukerfi Seðlabanka Íslands.

#### 2. gr.

##### *Stofnun viðskiptareikninga fjármálafyrirtækja.*

Fjármálafyrirtæki sem stofnar viðskiptareikning við Seðlabankann skal uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Hafa tilskilin leyfi Fjármálaeftirlitsins skv. lögum nr. 161/2002.
2. Útibú erlendra fjármálafyrirtækja skulu lúta opinberu eftirliti fjármálaeftirlitsyfirvalds á Evrópska efnahagssvæðinu eða sambærilegu eftirlitsvaldi sé um að ræða fjármálafyrirtæki utan Evrópska efnahagssvæðisins.
3. Uppfylla kröfur viðkomandi eftirlitsstofnunar m.a. að því er varðar eiginfjárhlutfall og lausafjárhlutfall.
4. Hafa sett sér skriflegar reglur og viðhafa innra eftirlit sem miðar að því að koma í veg fyrir að starfsemi þess sé notuð til peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka, sbr. ákvæði laga nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Útibú erlendra fjármálafyrirtækja utan Evrópska efnahagssvæðisins skulu sýna fram á að eftirlit innan fyrirtækisins með því að ekki fari fram peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sé með hliðstæðum eða sambærilegum hætti og fram kemur í lögum nr. 64/2006.

## 3. gr.

*Vextir af innstæðum fjármálafyrirtækja.*

Viðskiptareikningar bera vexti samkvæmt vaxtatilkynningum Seðlabankans sem birtar eru á vefsíðu bankans. Um ákvörðun vaxta vísast til 9. gr. reglna um viðskipti fjármálafyrirtækja við Seðlabanka Íslands.

## 4. gr.

*Yfirdráttur á viðskiptareikningi fjármálafyrirtækis.*

Yfirdráttur á viðskiptareikningi er óheimill.

Þrátt fyrir 1. mgr. geta þau fjármálafyrirtæki, sem eru þátttakendur í stórgreiðslukerfi Seðlabankans fengið heimild til yfirdráttar á viðskiptareikningi sínum vegna uppgjors í stórgreiðslukerfinu með skriflegum samningi og gegn fullnægjandi tryggingum sem Seðlabankinn metur hæfar skv. reglum um stórgreiðslukerfi Seðlabanka Íslands. Yfirdráttur er eingöngu heimill innan dags, á afgreiðslutíma stórgreiðslukerfisins.

Þegar sérstaklega stendur á, getur þátttakandi í stórgreiðslukerfi Seðlabankans óskað eftir hækkun yfirdráttarheimildar innan dags á afgreiðslutíma stórgreiðslukerfisins skv. 2. mgr. gegn tryggingum sem Seðlabankinn metur hæfar. Heimildin gildir frá því að hún er samþykkt af Seðlabankanum til lokunar stórgreiðslukerfisins. Fyrir yfirdráttarheimildina skal greiða sérstakt gjald skv. gjaldskrá Seðlabankans.

## 5. gr.

*Lokun viðskiptareiknings fjármálafyrirtækis og heimildir Seðlabankans til að ganga að tryggingum.*

Seðlabankinn getur án fyrirvara lokað reikningi vegna óheimils yfirdráttar.

Seðlabankanum er heimilt að innleysa tryggingar til uppgjors á óheimilum yfirdrætti á hvern þann hátt sem Seðlabankinn kýs, án sérstaks fyrirvara og án atbeina yfirvalda. Er Seðlabankanum í sjálfsvald sett hvort innleystar eru allar tryggingar sem settar hafa verið eða einungis hluti þeirra og þá í hvaða röð það er gert.

## 6. gr.

*Viðskiptareikningar ríkisstofnana.*

Sjóðir í eigu ríkisins sem tilgreindir eru í A-hluta ríkisreiknings, lánastofnanir í eigu ríkisins sem tilgreindar eru í C-hluta ríkisreiknings og fjármálastofnanir ríkisins sem tilgreindar eru í D-hluta ríkisreiknings, sbr. 3. gr. laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins geta haft viðskiptareikning í Seðlabankanum.

## 7. gr.

*Vextir af innstæðum ríkisstofnana o.fl.*

Vextir af innstæðum viðskiptareikninga eru hinir sömu og á viðskiptareikningum fjármálafyrirtækja hjá Seðlabankanum.

Yfirdráttur á viðskiptareikningi er óheimill.

8. gr.  
*Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru með tilvísun til 2. mgr. 6. gr. og 38. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands, taka gildi 21. júní 2007.

Reykjavík, 18. júní 2007.

*Seðlabanki Íslands,*

**Davíð Oddsson,**  
formaður bankastjórnar.

**Eiríkur Guðnason**  
bankastjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 20. júní 2007